



Reykjavík, 18.2.2026/bj

Í samráðsgátt er eftirfarandi: *Áform um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). FJR25100047*

Um forsögu máls og tilefni segir: *Á undanförunum árum hafa komið fram ábendingar um að æskilegt væri að endurskoða þann lagaramma sem gildir um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.*

Í lokin er hnýtt við alls óskyldu málefni:

Samblíða er áformað er að gera eftirfarandi breytingar á rekstri, innra eftirliti og innri endurskoðun lífeyrissjóða:

- *Að gerðar verði auknar kröfur um óhæði og aðskilnað innri endurskoðunar. Að slakað verði á kröfum til þess hverjir geti sinnt innri endurskoðun, þ.e. ekki gerð krafu um löggildingu en að viðkomandi hafi menntun og reynslu við hæfi.*
- *Að kröfum til tryggingarstærðfræðinga verði breytt og þær færðar til samræmis við kröfur sem gerðar eru til þeirra sem annast samsvarandi verkefni hjá váttryggingafélögum og starfstengdum eftirlaunasjóðum.*
- *Að umgjörð um útvistun mikilvægra verkefna verði gerð skjýrari.*
- *Að útfærðar verði kröfur um verðmat eigna.*

Meginefni umræðuskjalsins er vel rökstutt, en síðasti hlutinn ekki. Hér verður fjallað um greinina: *• Að kröfum til tryggingarstærðfræðinga [svo] verði breytt og þær færðar til samræmis við kröfur sem gerðar eru til þeirra sem annast samsvarandi verkefni hjá váttryggingafélögum og starfstengdum eftirlaunasjóðum.*

Augljóst virðist að höfundar tillögunnar átta sig ekki á þeim mun sem er á rekstri váttryggingafélaga og lífeyrissjóða. Í váttryggingafélagi eru tugir tryggingategunda þar sem tjónsatburðir eru af ýmsu tagi og stærðargráða þeirra getur hlaupið frá smápeningum upp í milljarða. Mismunur milli tjónatíðni og -stærð getur verið mikill milli ára og árstíða og tjónaskuld sveiflast mikið á skömmum tíma.

Í lífeyrissjóði eru allt aðrar aðstæður. Atburðir sem upp koma eru einfaldir, oftast fremur fyrirsjáanlegir. Algengast er að sjóðfélagi fari á eftirlaun, en það gerist eftir fyrirfram ákveðnum reglum og fyrirsjáanleiki er mikill. Ef sjóðfélagi verður öryrki er atburðurinn vissulega meiri óvissu háður, en aftur fylgir greiðsla úr sjóðnum reglum sem tilgreindar eru í samþykktum. Það sama gildir um dauðsföll, sem geta veitt eftirlifendum rétt til maka- og/eða barnalífeyris. Skuldbindingar innan árs breytast fremur lítið, því þær byggjast á fyrirsjáanlegum réttindum sem eru seigfljótandi.

Árleg tryggingafræðileg athugun er skoðun á því hvort staða sjóðanna sé nægilega sterk til þess að standa við skuldbindingar gagnvart sjóðfélögum. Sé staðan langt undir núlli er hætt við að réttindi verði minni en stefnt er að samkvæmt samþykktum og sé ekki leiðrétt er gengið á rétt þeirra yngri, því of mikið er greitt úr sjóðnum. Með sama hætti er gengið á rétt þeirra eldri ef staðan er langt yfir núllinu með því að hækka ekki réttindin. En til þess að undirstrika hve hægt löggjafinn hefur reiknað með því að réttindin geti breyst er miðað við að réttindum skuli breyta ef staðan er alls *fimm ár* utan +/- 5% marka.

Á nokkurra ára fresti er kannað hvort forsendur um lífs- og örorkulíkur standist. Breytingar á tryggingafræðilegri stöðu innan árs ráðast fyrst og fremst af ávöxtun fjármuna. Margir lífeyrissjóðir

hafa nú þegar einföld líkön sem meta með býsna góðri nákvæmni stöðu sjóðanna á hverjum tímapunkti út frá þekktum stærðum.

Af framansögðu sést að tilvitnun í samráðsgáttinni um *samsvarandi verkefni hjá vátryggingafélögum og starfstengdum eftirlaunasjóðum* á ekki við því verkefni eru alls ekki samsvarandi, en lýsir því að tillöguhöfundar hafa ef til vill ekki innsýn í það hve mismunandi starfsemi þessara tveggja aðila er.

Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 eru „tryggingafræðingar“ nokkrum sinnum nefndir:

■ **24. gr.** □ *Árlega skal stjórn lífeyrissjóðs láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárbag sjóðsins í samræmi við 39. gr. og ákvæði reglugerðar¹⁾ sem ráðherra setur. Í reglugerð skal kveðið á um almennar tryggingafræðilegar forsendur, m.a. um dánarábættu, raunvexti sem athugunin skal byggjast á og ávöxtunarkeröfju sem nota skal við núvirðingu framtíðariðgjalda og væntanlegs lífeyris sjóðsins. Í reglugerð skulu jafnframt sett ákvæði um mat á breinni eign til greiðslu lífeyris vegna tryggingafræðilegra athugana. Skal í reglugerðinni tilgreina möguleg frávik frá mati á eignarlíðum í efnahagsreikningi skv. 40. gr., m.a. að verðmati skráðra blutabréfa og sambærilegra verðbréfa skuli miða við veginn markaðsvirði á tilteknu tímabili sem þó getur ekki verið lengra en sex mánuðir.*

□ *Athugun skv. 1. mgr. skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem blotið hefur viðurkenningu [Fjármálaeftirlitsins]²⁾ til slíks starfs, sbr. lög um vátryggingastarfsemi.*

25. gr. □ [Ráðherra]¹⁾ skal veita lífeyrissjóði starfsleyfi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Sýnt er fram á að sjóðurinn muni innan þriggja ára uppfylla skilyrði 2. mgr. 21. gr.

5. **Tryggingafræðingur** hefur verið valinn.

■ **28. gr.** □ [Allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs skal tilkynna [ráðherra]¹⁾ og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laga þessara og ákvæðum gildandi samþykktu fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.]²⁾ ...³⁾ ...⁴⁾ Jafnframt skal tilkynna [Fjármálaeftirlitinu]⁵⁾ um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda, [aðila sem annast innri endurskoðun]⁴⁾ og **tryggingafræðingi** lífeyrissjóðs.

■ **38. gr.** □ Lífeyrissjóði er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, endurskoðanda, eftirlitsaðila, **þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins** eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í viðkomandi sjóði og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt.

■ **38. gr.** □ Stjórn lífeyrissjóðs er skylt að fá álit **tryggingafræðings** á áhrifum breytinga á samþykktum lífeyrissjóðs á getu hans til þess að greiða lífeyri. Tryggingafræðingi lífeyrissjóðs er skylt að skýra stjórn sjóðsins þegar í stað frá því ef tryggingafræðileg úttekt leiðir í ljós að sjóðurinn stendur ekki við skuldbindingar sínar. Hann skal skila tillögum til úrbóta til stjórnar og gera [Fjármálaeftirlitinu]¹⁾ viðvart.

□ **Tryggingafræðingur lífeyrissjóðs** má ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en tryggingafræðilegum athugunum og tengdri ráðgjöf.

53. grein nefnir einnig umsögn tryggingafræðings, en hún fjallar um lífeyrissjóði sem voru starfandi við setningu laganna og hugðust ekki taka við frekari iðgjöldum og hefur því ekki praktíska þýðingu.

Um skyldur „tryggingafræðings“ segir í reglugerð 391/1998:

11. gr. Nú eru sjóðfélagar færri en 800 og skal þá tryggingafræðingur lífeyrissjóðsins leggja mat á hvort ráðstafanir, sem lífeyrissjóður grípur til samkvæmt þessari grein, nægi til að tryggja það að áhætta lífeyrissjóðsins verði ekki meiri en ef greiðandi sjóðfélagar væru 800.

13. gr. Árlega skal stjórn lífeyrissjóðs láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárbag sjóðsins í samræmi við ákvæði þessa kafla. Athugunin skal vera unnin af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem blotið hefur viðurkenningu Vátryggingaestirlitsins til slíks starfs.

Af framangreindri upptalningu sést að einu reglubundnu verkefni sem tryggingastærðfræðingar sinna samkvæmt lögum eru tryggingafræðilegar athuganir og tengd ráðgjöf, sem og umsagnir um breytingar á samþykktum. Rétt er að taka fram að flestar breytingar á samþykktum hafa ekki áhrif á tryggingafræðilega stöðu, þó svo að slíkar breytingar á réttindum séu gerðar á nokkurra ára fresti.

Athyglisvert er að í núgildandi lögum er lögð sérstök áhersla á sjálfstæði tryggingafræðings:
„Tryggingafræðingur lífeyrissjóðs má ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en tryggingafræðilegum athugunum og tengdri ráðgjöf.“

Með tillögum í umræðuskjalinu er verið að breyta eðli vinnu tryggingastærðfræðinga fyrir lífeyrissjóði. Í stað þess að þeir séu utanaðkomandi, óháðir aðilar, falli þeir undir sérstakt starfssvið innan félagsins. Þetta er hættuleg þróun. Tryggingastærðfræðingar hafa ítrekað þurft að færa stjórnnum og félögum sjóðanna fréttir sem hafa leitt til lækkana á greiðslum til sjóðfélaga. Þar skiptir meginmáli óhæði stærðfræðingsins, sem væri í allt annarri stöðu sem starfsmaður sjóðsins.

Heyrst hefur að hugsunin sé ekki að breyta núverandi skipan um óháða utanaðkomandi úttekt á sjóðunum, heldur fyrst og fremst að samræma umgjörð um vátryggingar og lífeyrissjóði. Sé það hugsunin hljóta að vakna spurningar um það hvaða verkefnum hið nýja svið eigi að sinna. Hugmyndir um að „útvista“ slíku sviði til tryggingastærðfræðinga sjóðsins stangast á við núverandi lagaákvæði sem undirstrikar sjálfstæði þeirra og bannar þeim að taka að sér önnur verkefni á vegum lífeyrissjóðsins. Löggjafinn er á rangri braut með því að fyrirskipa sjálfstæðum lífeyrissjóðum hvernig þeir eigi að haga rekstri sínum. Kjósi lífeyrissjóður að ráða tryggingastærðfræðing eða annan sérfræðing til starfa er ekkert sem mælir gegn því. Aðalatriðið er að þeir sem bera ábyrgð á rekstrinum og kostnaði sem honum fylgir taki ákvarðanir um hann, en séu ekki skyldaðir með lögum til þess að búa til starfssvið sem ekki er þörf á.

Talnakönnun leggur til að fallið verði frá áformum um skyldu til þess að færa störf tryggingastærðfræðinga inn í lífeyrissjóði og telur að með þeim sé vegið að sjálfstæði sérfræðinganna. Hér er ekki um að ræða samræmingu við EES-reglur heldur sérreglur sem eru líklegar til þess að valda lífeyrissjóðunum kostnaðaraukningu og lakari stjórnsýslu en nú. Ekki gullhúðun heldur blýklumpur sem laumað er í óskyld mál. Nær væri að skerpa á ábyrgð, hæfni og óhæði tryggingastærðfræðinga lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst,



Benedikt Jóhannesson, Ph. D.
framkvæmdastjóri Talnakönnunar